


Námsval í Innu

Fyrst þarf að innskrá sig á inna.is og smella á hnappinn „VAL“ á forsíðunni og velja **næstu önn**.



Þá opnast tveir kassar (aðalval og varaval) hægra megin á síðunni og vinstra megin er listi yfir alla áfanga sem nemandi hefur þegar lokið.



Til þess að velja áfanga þarf að opna valmyndina „velja áfanga“ og smella á áfangaheiti og þá færast áfanginn í aðalvalskassann.

Allir áfangar sem þú smellir á færast í aðalval en þú getur dregið þá yfir í varaval. Nemandi í fullu námi velur 6 áfanga í aðalval og 2 áfanga í varaval.

Leita Kjarni

Til að velja áfanga þarf að draga hann yfir í þann glugga sem við á. Ef áfangi er orðin grár þá er þegar búið að velja hann á önnina.

Sláðu inn heiti áfanga

Áfangi	Heiti	Einingar	Þrep	Tímar á viku	Undanfarar
DANS1LM05	Danska	5	1	5	
DANS2M005	Danska	5	2	5	Já Q
EDLI2AV05	Afl- og varmafræði	5	2	5	Já Q
EFNA2LM05	Lotukerfið og mólhugtakið	5	2	5	
EFNA3JA05	Jafnvægi	5	3	5	Já Q
ENSK1LM05	Enska - lestur, menning og tjáning	5	1	5	

Nemandi velur 6 áfanga í aðalval, mikilvægt er að skoða brautarlýsingu sem er á heimasíðunni me.is og raða áföngum eftir mikilvægi. Velja fyrst áfanga úr kjarna og brautarkjarna sem er nauðsynlegt að taka á önninni.

Þegar búið er að velja þá áfanga sem nemandi vill fara í þá velur nemandi 1-2 áfanga í varaval. Athugið að setja áfangann fyrst í aðalval og draga hann síðan yfir í varaval.

Undanfara vantar eða kröfur um grunnskólaeinkunn ekki mætt

Undanfara fyrir **DANS2M005** vantar í feril eða nemandi uppfyllir ekki kröfur um grunnskólaeinkunn! Vinsamlegast veljið annan áfanga.

Loka

Áfangi	Heiti	Einingar	Þrep	Tímar á viku	Undanfarar
DANS1LM05	Danska	5	1	5	
DANS2M005	Danska	5	2	5	Já
EDLI2AV05	Afl- og varmafræði	5	2	5	Já
EFNA2LM05	Lotukerfið og mólhugtakið	5	2	5	

Athugið að kerfið gerir athugasemdir ef skilyrði um undanfara eru ekki uppfyllt, það á líka við ef nemandi er í undanfara á þessari spönn. Sendið tölvupóst til áfangastjóra ef þetta kemur upp.

Þegar búið er að ljúka við að velja áfanga staðfestir nemandi valið. Staðfestingarhnappurinn er efst í hægra horni.



Stundatafla

Verkefni/Próf

Áfangar

Námið

Aðstoð

B.M.A.



Val 2020H

Upplýsingar

Fjöldi eininga í aðalvali: 3

Fjöldi kennslustunda á viku: 4

Fjöldi eininga í varavali: 0

Opna námsferil

Vista val

Staðfesta val

Hafið samband við áfangastjóra ef þið lendið í vandræðum með valið, netfangið er eyrun@me.is eða hittið mig í skólanum.